

Ár 2013, fimmtudaginn 7. nóvember kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Eyþór H. Ólafsson og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

1.1. Jöfnunarsjóði sveitarfélaga frá 21. október 2013.

Í bréfinu er svar við erindi Hveragerðisbæjar til Jöfnunarsjóðs vegna lækkunar sem orðið hefur á úthlutun almennra jöfnunarframlaga til reksturs grunnskóla milli áráanna 2012 og 2013.

Í svari jöfnunarsjóðs kemur fram að framlagið lækki vegna áætlaðrar á hækkunar útsvarsstofns og vegna fækkunar nemenda. Framlöggin verða endurskoðuð í árslok.

Lagt fram til kynningar.

1.2. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga frá 24. október 2013.

Í bréfinu er kynnt úthlutun framlaga vegna nýbúafræðslu á fjárhagsárinu 2014.

Lagt fram til kynningar.

1.3. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga frá 23. október 2013.

Í bréfinu er rætt um fjármálaþreglur sveitarfélaga og óskað eftir upplýsingum um eftirlit á samanburði rauntalna og áætlana hjá sveitarfélaginu.

Lagt fram til kynningar. Bæjarstjóra falið að svara fyrirspurn eftirlitsnefndarinnar.

1.4. Mannvirkjastofnun frá 30. október 2013.

Í bréfinu er rætt um gæðastjórnunarkerfi fyrir byggingarfulltrúa en byggingarfulltrúum er skylt að koma sér upp gæðastjórnunarkerfi fyrir árið 2015 og faggildingu fyrir árið 2018.

Bæjarráð vísar erindinu til skipulags- og bygginganefndar.

1.5. Eignarhaldsfélagi Brunabótafélags Íslands frá 28. október 2013.

Í bréfinu eru kynntar úthlutanir úr styrktarsjóð EBÍ árið 2013 en Hveragerðisbær fékk úthlutað kr. 400.000.- í verkefnið

Listamannabærinn Hveragerði – Fyrstu árin - útisýning.

Lagt fram til kynningar.

1.6. **Kvennaathvarfinu frá október 2013.**

Í bréfinu óskar kvennaathvarfið eftir rekstrarstyrk fyrir árið 2014.

Bæjarráð vísar erindinu til gerðar fjárhagsáætlunar.

1.7. **Stígamótum frá 20. október 2013.**

Í bréfinu óskar Stígamót eftir rekstrarstyrk fyrir árið 2014.

Bæjarráð vísar erindinu til gerðar fjárhagsáætlunar.

1.8. **Landssamtökum Þroskahjálp frá 17. október 2013.**

Í bréfinu eru ályktanir sem samþykktar voru á landsþingi Landssamtakanna Þroskahjálp í október 2013.

Lagt fram til kynningar.

1.9. **Suðurland FM 96,3, ódagsett.**

Í bréfinu óskar útvarpsstöðin Suðurlands FM 96,3 eftir samstarfi við Hveragerðisbæ.

Bæjarráð vísar erindinu til gerðar fjárhagsáætlunar.

1.10. **Kammerkór Suðurlands frá 17. október 2013.**

Í bréfinu óskar Kammerkór Suðurlands eftir stuðningi sveitarfélagsins vegna tónleikaferðar kórsins.

Því miður sér bæjarráð sér ekki fært að verða við erindinu.

2. **Fjárhagsleg málefni:**

2.1. **Minnisblað vegna viðbótarfjárveitingu skólphreinsistöðvar frá 28. október 2013.**

Lagt fram minnisblað frá skipulags- og byggingarfulltrúa þar sem hann óskar eftir viðbótarfjárveitingu vegna endurnýjunar stýrikerfis og vegna viðgerðar á grófsú í skólphreinsistöð.

Bæjarráð samþykkir að fresta afgreiðslu erindisins til næsta fundar og felur bæjarstjóra að leita eftir frekari upplýsingum vegna málsins.

2.2. **Brunavarnir Árnassýslu v/ gjaldskrár BÁ og heimildarbeiðni til lántöku v/ fasteignakaupa frá 22. október 2013.**

Lögð fram gjaldskrá BÁ ásamt beiðni um heimild til lántöku á 300 m.kr láni hjá Lánasjóði sveitarfélaga vegna kaupa á húsnæði BÁ að Árvegi 1 Selfossi.

Bæjarráð staðfestir framlagða gjaldskrá Brunavarna Árnassýslu fyrir sitt leyti.

Bæjarráð Hveragerðis samþykkir að veita Brunavörnum Árnassýslu sem sveitarfélagið á í samvinnu við önnur sveitarfélög einfalda og hlutfallslega ábyrgð miðað við eignarhluta 31. desember 2012 í Brunavörnum Árnassýslu vegna lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 300.000.000 kr.

Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 1. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og veitir bæjarráð lánasjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar þeirri ábyrgð, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum.

Er lánið tekið til að fjármagna höfuðstöðvar félagsins sem fellur undir lánshæf verkefni sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Bæjarráð skuldbindur hér með sveitarfélagið sem einn af eigendum Brunavarna Árnassýslu til að selja ekki félagið að neinu leyti til einkaaðila.

Fari svo að Hveragerðisbær selji eignarhlut í Brunavörnum Árnassýslu til annarra opinberra aðila, skuldbindur Hveragerðisbær sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi ábyrgð á láninu að sínum hluta.

Jafnframt er Aldísi Hafsteinsdóttur, bæjarstjóra Hveragerðis, kt. 211264-5009, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Hveragerðisbæjar veitingu ofangreindrar veðtryggingar og til þess að móttaka, undirrita og gefa út og afhenda hvers kyns skjöl fyrirmæli og tilkynningar sem tengjast veitingu tryggingar þessarar.

3. Tæknileg málefni:

- 3.1. **Sýslumanninum á Selfossi, umsagnar óskað v/ umsóknar Steingríms Ingasonar f.h. Formúlu 1 ehf frá 14. október 2013.**
Í bréfinu er óskað eftir umsögn Hveragerðisbæjar vegna umsóknar Steingríms Ingasonar um endurnýjun á rekstrarleyfi.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir varðandi umsókn Steingríms Ingasonar kt. 030360-4519 f.h. Formúlu 1 ehf, Breiðamörk 25 um endurnýjun á rekstrarleyfi fyrir skemmtistað.

Bæði opnunartími og staðsetning staðarins er innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins kveður á um.

4. Fundargerðir til kynningar:

- 4.1. **Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga frá 7., 17. og 23. október 2013.**
4.2. **Sorpstöðvar Suðurlands frá 10. og 23. október 2013.**
4.3. **Skólaskrifstofu Suðurlands frá 1., 23. og 30. október 2013.**
4.4. **Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 25. október 2013.**

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign.)

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)